

Baldur Jónsson

Klambrar saga

Fyrri hluti

Kvenkynsorðið *klömbur* og afkvæmi þess

1 Inngangur

Kvenkynsorðið *klömbur* er gamalt í íslensku, bæði sem samnafn og bæjarnafn, og kunnugt af heimildum síðan á miðöldum. Undirstöðumerking þess er ‘þrengsli’ eða ‘klemma’, og það var snemma haft um áhald sem kalla má til skýringar klemmitöng eða fastheldu.¹ Margt hefir verið óljóst um þetta orð, feril þess og meðferð, og sama er að segja um fleirtöluorðið *klömbrur* og kvenkynsorðið *klambra* (í ft. *klömbrur*). Öll þessi orð eiga sameiginlegar beygingarmyndir í þg. og ef. ft., *klömbrum*, *klambra*, og geta öll merkt ‘fasthelda’, þótt þau hafi fleiri merkingar. Þannig eru þau eins og samvaxin eða flækjast hvert í öðru, og hefir það valdið miklum ruglingi bæði meðal lærðra og leikra.

Í þessum fyrri hluta Klambrar sögu verður reynt að greiða úr flækjunni og átta sig á ferli orðanna. Í síðari hlutanum (sem er væntanlegur í næsta hefti *Orðs og tungu*) verður einkum fjallað um bæjarnafnið *Klömbur* og rakinn ferill þess á nokkrum stöðum á landinu.

¹Orðið *fasthelda*, sem ég leyfi mér að nota hér, hefir ef til vill aldrei komist í orðabækur. Sonur minn, Jón Baldursson, yfirlæknir í Reykjavík, kenndi mér þetta orð fyrir mörgum árum. Hann hafði lært það ungur af bónda austur á Jökuldal sumarið 1979, og var það haft um nútímalega griptöng með skrófu.

Heimilda um samnöfnin hefir verið aflað úr orðabókum og ýms-um ritum, einkum eftir tilvísunum úr söfnum Orðabókar Háskólans. Heimildir um bæjarnafnið eru m.a. fornbréf, jarðabækur og manntöl, áttahagarit, örnefnaskrár Örnefnastofnunar o.fl. Tiltækt dæmasafn er óhjákvæmilega gloppótt og skylt að hafa fyrirvara á fullyrðingum og ályktunum vegna þess.

Hið helsta sem áður hefir verið ritað um orðið *klömbur*, eða bæjarnafnið sér í lagi, má finna í ritgerðum eftir Finn Jónsson 1911, Pál Bjarnarson 1921–1923, Hannes Þorsteinsson 1923, Margeir Jónsson 1924 og Kristján Eldjárn 1953 (sjá heimildaskrá).

Þessi hluti Klambrar sögu skiptist í fjóra kafla milli inngangs og lokaorða. Fyrst verður fjallað um orðið *klömbur*, síðan um fleirtöluorðið *klömbrur*, sem seinna kom til sögu, og loks um orðið *klambra* sem af því spratt í ýmsum merkingum. Hér eru sem sé þrjú orð til meðferðar: *klömbur* (kv.), *klömbrur* (kv. ft.) og *klambra* (kv.). Síðan verður gefið yfirlit yfir notkun þessara þriggja orða í samsetningum. Í lokaorðum verða helstu efnisatriði dregin saman.

2 *klömbur*

Snúum okkur nú að kvenkynsorðinu *klömbur*, fyrst að beygingu þess og síðan notkun, einnig í samsettum orðum.

2.1 Beyging

Um uppruna orðsins *klömbur* eða forsögu verður látið nægja að vísa til orðsifjarita (sjá t.d. ÁBLM, einnig Margeir Jónsson 1924:16–18). Þetta er upphaflega *ō*-stofn (*klǫmbr* < **klambrō*) og hefir beygst eins og önnur orð í þeim flokki, t.d. *fjǫðr*, *kví*, *taug*, *vǫmb*. Eignarfallið var *klambrar* og nefnifall fleirtölu *klambrar*. Breytingin úr *ǫ* í *ö* (*klǫmbr* > *klömbur*) á 13. öld er einungis hljóðbreyting og hefir ekki áhrif á beyginguna. Forna beygingin hefir verið sem hér segir:

1. tafla

	eintala	fleirtala
nf.	klömbr	klambrar
þf.	klömbr	klambrar
þg.	klömbr	klömbrum
ef.	klambrar	klambra

Ætla má að þessi beyging hafi haldist fram á 14. öld, en um þær mund-ir eða upp úr því verða tvær málbreytingar sem hafa áhrif á beygingu orðsins.

Önnur breytingin varð við tilkomu stoðhljóðsins, þegar *-r* > *-ur* við tiltekin skilyrði (sjá t.d. Stefán Karlsson 1989:11 og Harald Bernharðsson 1999:158–159). Þá breyttist *klömbr* í *klömbur*, þ.e. úr einu atkvæði í tvö, og sams konar breyting varð á öðrum *ō*-stofnum sem enduðu á *r*-i á eftir samhljóði. Kunnust þeirra orða eru *fjöðr*, *gimbr*, *lifr* og *vinstr*. Að auki má nefna eyjarheitin *Kípr*, *Mo(r)str*, *Ostr* (eða *Óstr*), *Svöldr* og *Vigr*. Þessi orð voru svolítið sér á parti meðal *ō*-stofna, en skera sig enn meira úr, þegar þau eru orðin tvíkvæð. Samnöfnin halda þó flest gömlu beygingunni, þrátt fyrir hljóðbreytinguna, en hún kann að hafa valdið nokkru um örlög orðsins *klömbur* og fleiri þessara orða.²

Hin breytingin er sú að ending *nf.* og *þf.* breyttist smám saman úr *-ar* í *-ir* (*klambrar* > *klambrir*). Sú breyting nær til samflokka orða sem höfðu *ō*-hljóð í stofni, hvort sem það var til komið af völdum *u*-hljóðvarps (*sök*, *vömb*) eða *u*-klofningar (*gjöf*, *fjöður*). Öll slík orð hafa fengið fleirtöluendinguna *-ir* í nútímamáli í stað eldra *-ar* (sbr. Halldór Halldórsson 1950:91). Þannig breyttist *sakar* í *sakir* og *fjaðrar* í *fjaðrir*, en þau orð sem höfðu ekki (*j*)*ö* í stofni gátu haldið áfram að enda á *-ar* í fleirtölu, hvort sem þau voru einkvæð (*taug*) eða tvíkvæð (*lifur*). Ætla má að þessi breyting gerist á 14. og 15. öld, jafnvel byrjuð fyrr, og sé að fullu um garð gengin um siðaskipti (sbr. Bandle 1956:218–220).³

Beyging orðsins *klömbur* eftir 1500 ætti þá að vera þessi (sbr. Margeir Jónsson 1924:17):

2. tafla

	eintala	fleirtala
nf.	klömbur	klambrir
þf.	klömbur	klambrir
þg.	klömbur	klömbrum
ef.	klambrar	klambra

²Eyjarheitin eru nú lítið notuð nema *Kípur* og *Vigur*. Flestir láta þau óbeygð. Um *Kípur* hefi ég áður ritað (sjá Baldur Jónsson 1988). Þórhallur Vilmundarson (1996:131–132) hefir fjallað um *vigur* í íslenskum örnefnum og beygir nafnið í eignarfalli *Vigrar*. Um *vigur* sem karlkynsorð sjá Guðrúnu Þórhallsdóttur 1997:41–42.

³Það á því ekki við lengur að nota fleirtölumyndina *klambrar*, eins og gert er ráð fyrir í *Stafsetningarorðabókinni* (2006). Réttu myndin nú er *klambrir*, sbr. t.d. *sakir* og *fjaðrir* (ekki *sakar* og *fjaðrar*).

Heimildir um notkun þessarar fleirtölubeygingar eru af skornum skammti, en eitthvert lífsmark hefir verið með henni allt fram á 20. öld (sjá Pál Bjarnarson 1921–1923:277–278 og Margeir Jónsson 1924:17). Eintölubeygingin er betur þekkt, einkum af bæjarnafninu, en sem samnafn hefir *klömbur* lifað í orðabókum síðan á 17. öld, og því bregður fyrir í ungum heimildum.⁴ Á síðustu öldum hefir smám saman dregið úr notkun orðsins. Sem bæjarnafn fer það að breytast í lok 18. aldar, og samnafnið hefir átt í vök að verjast fyrir fleirtöluorðinu *klömbrur*. Þetta skýrist smám saman hér á eftir.

2.2 Notkun og dæmi

Úr miðaldaritum er aðeins vitað um eitt dæmi um *klömb(u)r* sem sjálfstætt orð. Í gömlu biblíuhandriti er þessi lýsing (Stjórn 512):

Sem þetta fregn Daudid konvng. sendir hann i mot þeim Joab með allmikinn her oc vel bvinn. Ammonite flvttv sinn her af borginne oc settv sina fylking rætt við sialft borgarhliðit. Syri [v.l. Syrir] vorv annan veg a völlinn með sina fylking. enn Joab flytr sinn her ok finnr æigi fyrr enn hann er kominn með allt sitt lið fram i klömbrina miðia milli þessa fylkinga.

Þarna merkir *klömbur* nánast ‘herkví’, en það hefir ekki síst verið haft um eins konar klemmitöng, það áhald sem á síðustu öldum nefnist venjulega *klömbrur* (kv. ft.). Til marks um það er samsetta orðið *klambrarveggr*, sem við komum betur að síðar (sjá t.d. Kristján Eldjárn 1953). Í færeysku er *klombur* haft um stóra tréklemmu eða þvingu sem notuð var við bátasmíðar, og í nýnorsku er einnig til orðið *klomber* svipaðrar merkingar (sjá Margeir Jónsson 1924:17 og ÁBIM, u. *klömbur*; sbr. einnig þ. *Klammer* ‘klemma’). Sjá mynd af *klömbur* á bls. 65.

Eftir 1400 er engin tiltæk heimild um samnafnið *klömbur* (í et.) fyrr en í orðabók Guðmundar Andrússonar, *Lexicon Islandicum* (1. útg. 1683), þar sem merkingin er ‘klemmitöng, fasthelda’.⁵

⁴Í ritmálssafni Orðabókar Háskólans er ekkert dæmi um samnafnið *klömbur* sem sjálfstætt orð, aðeins eitt dæmi um bæjarnafnið. Sjá síðari hluta Klambrar sögu.

⁵Guðmundur vann að orðabók sinni á árunum 1650–1654 (sjá útg. 1999:ix). Undir flettiorðinu *Klaumbr* er þessi þýðing: „Subscus, contorqvens comprimenda aut tenenda“. – Undir *kleima* má sjá orðin „klömbr / Subscudes“, þar sem *klömbr* gæti



Þjms. 9215. Þessi klömbur úr hvalbeini fannst í fjörunni í Stykkishólmi 1926 (Kristján Eldjárn 1953:155). Hún er 10,3 cm að lengd og sést hér í fullri stærð. Klambrarvegginn vantar, þ.e. lausan fleyg úr tré eða beini. Teiknaðar myndir af klömbrum með fleyg má sjá í *Íslenzkum sjávarháttum* 3 (Lúðvík Kristjánsson 1983:35) og *Úr torfbæjum inn í tækniöld* 1 (2003:451). – Ljós m.: Þjóðminjasafn Íslands.

Frá 18. öld eru ekki heldur aðrar heimildir um orðið *klömbur* en rit fræðimanna, málfræði Jóns Magnússonar, sem getur ekki merkingar, og orðabók Jóns úr Grunnavík sem gefur nákvæma lýsingu á klemmitöng, en notkunardæmi eru engin. Þá vekur athygli að *klömbur* er ekki flettiorð í orðabók Björns Halldórssonar (útg. 1814).

Þegar kemur fram á 19. öld, er einnig lítið um heimildir, en þá er *klömbur* ekki síður haft í óeiginlegri merkingu um herkví, ógöngur, klípu eða vandræði (sbr. Margeir Jónsson 1924:17). Dæmi: „Óvíst að mjer takist að vinda mig úr klömbur þessari“ (Torfhildur Þ. Hólm 1889:520). Oftast er orðið þó haft í fleirtölu í þessari merkingu, t.d. *vera í klömbrum með e-ð*. Þá hefir *klömbrum* líklega verið skilið sem þg. af fleirtöluorðinu *klömbrur* fremur en þg. ft. af *klömbur*. Það mál skýrist hér á eftir.

Páll Bjarnarson (1860–1952), oft kenndur við Winnipeg, ritaði fáein orð um bæjarnafnið *Klömbur* í *Blöndu* 1921–1923. Þótt skýring hans á nafninu sé tæplega rétt, eru sumar athugasemdir hans eftirtektarverðar. Hann segir m.a. (bls. 278) að orðin *klambra* og *klömbrur* hafi rutt sér til rúms í daglegu tali „til miska klömbur“, eins og hann orðar það.

verið skilið sem fleirtölumynd. Þetta er innskot í J (= MS Junius 120) sem er uppskrift af orðabók Guðmundar, gerð einhvern tímann á árunum 1665–1678 (sjá útg. 1999:xiv).

Hann segir tíðara að tala um að *fella klömbrur* að *e-u*, t.d. rekatrjám, þegar þeim er flett, en að *fella klömbur* að *e-u*, „þótt hvorttveggja sé rétt“, segir hann. Páll minnst á áhald það sem klénsmiðir, járn- og skósmiðir, nota í iðn sinni. Hann segir algengara að kalla það *klömbru* eða *klömbrur* heldur en *klö[m]bur* eða *klambrir*. Til samanburðar má benda á orð Margeirs Jónssonar í svigagrein (1924:18):

Klömbrur kölluðust eins og kunnugt er, litlar (leggja)-klemmur sem notaðar voru til að halda ýmsum hlutum föstum t.d. við skinnasaum (sbr. Þjóðmenjasafn Íslands bls. 95). Er það sama orðið og klömbur, en afbakað.

Páll ólst upp á Norðausturlandi seint á 19. öld. Hann þekkir orðið *klömbur*, í ft. *klambrir*, og gerir sér ljóst að það er eldra mál en *klambra*, í ft. *klömbrur*, sem ryður sér æ meir til rúms um hans daga, þ.e. kringum aldamótin 1900. Það vekur líka athygli að Páll minnst ekki á merkinguna ‘hleðsluhnaus’.

Lúdvík Kristjánsson (1983:287) lýsir því í *Íslenzkum sjávarhátum* hvernig farið var að því að fletta rekavið og beitt var mismunandi aðferðum eftir landshlutum. Þegar tré var tekið til sögunar, var algengast að setja það upp á trönur eða sögunargrind, en á Melrakkasléttu var látið nægja að lyfta upp öðrum endanum og skjóta undir hann skástoðum sem hölluðust hvor gegn annarri og gengu á víxl. Þær voru reyrdar þannig saman að þær minntu á töng sem stendur á handföngunum og snýr kjaftinum upp. Í þann klofa var rekatréð lagt.⁶ Þessar „sögunartrönur“, sem svo eru nefndar í *Íslenzkum sjávarhátum*, virðist Páll hafa kallað *klömbrur* (ft.) eða jafnvel *klömbur* (et.).

Gamla beygingin hefir því lifað eitthvað fram á 20. öld, en tórir nú helst í bæjarnafninu *Klömbur*, og leifir þó ekki af því.

2.3 *klömbur* í samsetningum

Ekki hafa fundist dæmi um samsett orð með *-klömbur* að síðari lið. Hins vegar er ef. et., *klambrar-*, notað sem forliður í samsetningum, bæði í örnefnum, sem rætt verður um síðar, og í samnöfnum og þá

⁶Sjá 126. mynd í *Íslenzkum sjávarhátum* I, bls. 287, og lýsingu Helga Kristjánssonar í Leirhöfn á sama stað.

sérstaklega í samsetningunum *klambrarveggur* og *klambrarhnaus* sem hér verður nú að staldra við. Heimildir um þær eru mjög misaldra.⁷

2.3.1 *klambrarveggur*

Orðið *klambrarveggur* kemur tvisvar fyrir í fornritum og hefir vafist fyrir mörgum. Annað dæmið er úr Sturlungu, hitt úr Glúmu.

Í útgáfu *Sturlunga sögu* 1946 sá Kristján Eldjárn um textaskýringar (sjá 2. bindi, bls. liii). Í frásögn Þórðar sögu kakala af Haugsnessfundi 1246 er komist svo að orði (2. bindi, bls. 76):

Var fyrst grjóthríð, en þá gengu spjótalög, ok tók þá skjótt at losna fylking Skagfirðinga, sem klambrarveggur væri í rekinn.

Þetta er skýrt svo, að fylking Þórðar hafi verið „þétt eins og horn á klömbruhnausavegg“ (2. bindi, bls. 299). Síðar hefir Kristján áttað sig á því, að „klambrarveggur“ væri ekki sama og „klömbru(hnausa)veggur“ og útskýrir það í sérstakri ritgerð 1953. Þar segir (bls. 153):

Í samsetningunni *klambrarveggur* merkir *klömbr* áhald, sem notað var eins og „fílkló“ eða handskrúfstykki nú á dögum ... en annars merkir *klömbr* þrengsli, þröngt fjallaskarð eða klettagil, hvern þann stað, sem þrengir að frá tveimur hliðum, unz saman tekur ...

Eins og Kristján benti á, gat orðið *veggur* haft merkinguna ‘fleygur’ (sbr. e. *wedge*) og er ekki af sama uppruna og hið venjulega orð *veggur* (t.d. í *húsveggur*). Kristján segir að lokum í ritgerð sinni (1953:158):

Klambrarveggur er nafn á fleyg þeim, sem rekinn var aftan í *klömbr* til þess að fastur yrði smáhlutur sá, er haldið var í henni að framan.⁸

Kristján telur þó, að *klambrarveggur* hafi jafnvel haft víðari merkingu, þ.e. „fleygur almennt“, og er það í samræmi við þýðingu Jóns Þorkelssonar rektors (1913:35–36) í athugasemdum hans við orðabók Fritzn-ers.

⁷Orðið *klambraveggur* (þar sem forliðurinn er *klambra-* en ekki *klambrar-*) má einnig finna í ungri heimild, sem brátt verður vikið að.

⁸Um önnur og yngri heiti á þessum fleyg verður rætt í 4.2.3.

Hér verður skýring Kristjáns talin rétt, og fleiri fræðimenn hafa fallist á hana, t.d. Jón Helgason (1967:138) og Jónas Kristjánsson.⁹ Jónas segir m.a. í útgáfu sinni á *Víga-Glúms sögu* (1956:84nm.):

Klömbr var smíðatöng, sem var gerð úr hvalbeini og notuð eins og skrúfstykki nú á dögum. Aftan í töngina var rekinn fleygur, sem klemmdi hana saman að framan, og mun fleygurinn hafa verið nefndur *klambrarveggur*. Síðan gat orðið táknað fleyg almennt, og kemur sú merking fram í Glúmu og Sturlungu.

Löngu síðar notar Jónas orðið *klambrarveggur*, eins og ekkert væri, í skáldsögu sinni *Eldvígslunni* (1983:95): „Nú skulum við ryðjast út allir senn og láta klambrarvegginn ganga í gegnum fylkingu fjandmanna“.

Fleiri hafa gripið til þessa orðs á síðustu mannsöldrum. Í kvæði Kolbeins Högnasonar um Víga-Glúm hefir höfundur hugsað sér að *klambrarveggur* væri svínfylking, eins og það orð var stundum skýrt áður fyrr: „klambrarvegg þó kynni að búa / kynjaskjótt, er mest við lá“ (Kolbeinn Högnason 1943:136).¹⁰

Þetta er skýringin í útgáfu Víga-Glúms sögu 1786. Þá höfðu menn þó ekki áttað sig á uppruna orðsins *veggur*, heldur var miðað við klambrarhnaus og lögun hans (sbr. Kristján Eldjárn 1953:152–153). En sr. Björn Halldórsson lagði allt aðra merkingu í þetta orð og fer villur vega. Orðið *klömbrur* vantar í orðabók hans, og honum var ekki ljóst að það leynist í orðinu *klambrarveggur* sem hann misskilur og þýðir með „aggrer, ex frustis glaciei rarus, & non solidus“. Danska þýðingin er „en utæt og skrøbelig Væg af frossen Jord eller Isstykker“. Í skýringum Björns til Jóns Svefneyings (sbr. 4.2.1) er sagt að klambrarveggur sé hinn allra óþéttasti og veikasti veggur, „enn in specie veggur hladdinn af isbrotum“, eins og hann kemst að orði. Dæmið úr Sturlungu, þar sem „fylkingenn ravfst eins og klambrarveggur“, samkvæmt skilningi Björns, er nefnt til marks um hina lökustu byggingu, „ad klambra upp“, bætir hann við.¹¹ Hann tengir þannig fyrri hlutann við sögnina

⁹Skýring Kristjáns er þó minna þekkt meðal fræðimanna en hún á skilið, virðist t.d. ekki hafa náð til þeirra sem síðast gáfu út Sturlunga sögu. Sjá 45. nmgr. – Í *Íslenskri orðabók* 2002 er fyrsta merkingin ranglega talin hin sama og orðsins *klömbruveggur*.

¹⁰Í netútgáfu OH er þetta dæmi ranglega fært undir flettiorðið *klambraveggur*.

¹¹Sjá Björn Halldórsson 1992:269, u. **Klambrar-veggur**.

klambra upp ‘hrófa upp’, en ljóst er að hann hefir jafnframt í huga að *klambur* (hk.) og *klambra* (kv.) merki ‘ísstykki’ og blandar þessu saman. Nokkra skýringu á misskilningi sr. Björns Halldórssonar má finna hér á eftir (sjá 4.2.1). Svipaðar hugmyndir hafði samtímamaður hans, Hannes biskup Finnsson (sjá Kristján Eldjárn 1953:152), og eitthvað hefir sá skilningur verið á kreiki síðar.

Jón Helgason (1967:138) segir þetta „unøjagtigt og misforstået“ og vísar í ritgerð Kristjáns Eldjárns. Jón bendir á (1967:103) að skýringar sr. Björns séu oft rangar eða mjög óvissar, þegar hann fæst við sjaldgæf orð, og láti hugmyndir um orðsifjar villa sig. Notkunardæmi búi hann til sjálfur.

Orðabók Háskólans hefir eitt dæmi um orðið *klambraveggur* (ritað svo), sem haft er um hrófatildur í óeiginlegri merkingu, lélega röksemdafærslu eða þvíumlíkt: „þannig er nú hruninn *klambraveggur* greinasmiðsins“. ¹²

2.3.2 *klambrarhnaus*

Orðið *klambrarhnaus* kemur miklu síðar fram. Það er haft um torfhleðsluhnaus og er einungis kunnugt af þremur heimildum frá 18. öld, en þeim ber ekki saman.

Þetta orð er á tveimur stöðum í orðabók Jóns úr Grunnavík (í AM 433 fol.). Á öðrum staðnum er þýðingin „cespes eodem modo, scilicet forma cubica, factus“ og fylgja tvær rissmyndir sem minna á kvíahnaus. Á hinum staðnum (u. *hnaus*) er þýðingin „cespes qvadratus forma factus“. ¹³

Önnur heimild er orðabókarhandritið Lbs. 225 4to (bls. 131), ritað um 1780 með hendi Hannesar biskups Finnssonar. Þar er latneska skýringin „cespes qvadratus“, en engin athugasemd um að átt sé við lélegan hnaus eða frosinn moldarköggul. Líklega hefir Hannes stuðst við orðabók Jóns úr Grunnavík (sbr. Jón Helgason 1926:122), en vandséð er hvers vegna hnaus með teningslagi er kenndur við klömbur. Skýringin er ef til vill sú að þeir Jón og Hannes hafi aldrei fengist við torfhleðslu og ekki þekkt aðra hnausa en kvíahnaus.

¹²Dæmið er úr deilugrein sem birtist í *Norðanfara*, 4. árg. 1865:15, og nefnist „Svar móti svari“. Höfundurinn, „E. Th.“, mun vera sr. Einar Thorlacius (1790–1870), prófastur í Saurbæ í Eyjafirði, sbr. *Íslenzkar æviskrár* I:386.

¹³Hér er farið eftir uppskrift Jakobs Benediktssonar í vörslu OH.

Magnús lögmaður Ólafsson, mágur Hannesar biskups, hafði aðra hugmynd um lögun klambrarhnauss. Í bréfi til Guðmundar Péturssonar, dags. 16. apríl 1780, segist hann halda að klambrarveggr hafi verið svínfylking „hver allt eins var sköpuð og klambrarhnauss eður triangel“, segir hann (sjá Kristján Eldjárn 1953:153). Þessi lýsing kemur heim við það sem sr. Guðlaugur í Vatnsfirði nefndi *klembruchnauss* seint á 18. öld og við köllum nú *klömbbruchnauss* (sjá Guðlaug Sveinsson 1791).

Myndun orðsins *klambrarhnauss* er ótvíræð, en nafngiftinni má velta fyrir sér. Margeir Jónsson (1924:17–18) taldi að hnausinn, sem hann kallar reyndar *klömbur-(hnauss)*, hefði „fengið nafn sitt af hnausflaginu, sem þrengist saman til annars endans, og hefir verið „klömbur“ lagað“. En Kristján Eldjárn (1953:154, 2. nmgr.) taldi að hnausinn, sem hann kallar þá *klömbbruchnauss*, hefði verið svipaður í laginu og hálf klömbur, annar kjálkinn, og fengið nafn sitt af því. Úr þessu verður ekki skorið hér.

Um samsetninguna *klambrarhnauss* eru aðeins tiltæk fyrrnefnd dæmi frá 18. öld, ekkert eldra og ekkert eftir 1780. Orðið *klömbbruchnauss* virðist leysa hana af hólmi og er ríkjandi eftir miðja 19. öld.

3 Fleirtöluorðið *klömbur*

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir tilkomu þessarar síðbornu fleirtölumyndar og notkun hennar, einnig í samsetningum.

3.1 Beyging og notkun

Smám saman hefir komist los á hina fornu beygingu orðsins *klömbur*, og mun tvennt hafa stuðlað að því. Áhaldið klömbur var gert úr tveimur aðalhlutum, og það hefir ýtt undir fleirtölunotkun orðsins (sbr. orðið *skæri*). Hitt er það að mörg kvenkynsorð enda á *-ur* í nf. og þf. ft. Eftir breytinguna *klömbr* > *klömbur* hefir mönnum fundist hin nýja, tvíkvæða mynd vera fleirtölumynd með endinguna *-ur*, en þá vantaði *r* í stofninn til samræmis við þágufallið *klömbrum* og eignarfallið *klambra*. Til að bæta úr því var *r*-i skotið inn í nefnifalli og þolfalli: *klömbrur*. Þannig kemur upp nýtt fleirtöluorð:

3. tafla

	fleirtala
nf.	klömbrur
þf.	klömbrur
þg.	klömbrum
ef.	klambra ¹⁴

Þessa orðs verður fyrst vart í varðveittum heimildum snemma á 17. öld, og hefir það verið í notkun síðan en í mismunandi merkingum. Lengst af hefir *klömbrur* verið haft um klemmitengur, síðar einnig um torfæru og ógöngur, klípu eða vandræði (sjá dæmi í 2.2). Loks er það haft um hleðsluhnausa, en þá er það ekki lengur fleirtölubundið (sbr. 4.2.4). Líklegt er að *klömbrur* sé eitthvað eldra en elsta dæmi, en frá 15. og 16. öld eru engar heimildir, ekki heldur um orðið *klömbur*, nema sem bæjarnafn.

Elsta dæmi um nýja fleirtölu, sem telja má sæmilega öruggt, er úr handriti frá um 1630 (ÍB 77 fol.). Það er kallað „Nomenclator séra Ketils Jörundarsonar“. Þar eru tvær íslenskar þýðingar við latneska orðið *securicla*, „halldstockur“ og „klomburur“. Síðara orðið er skrifað þannig fullum stöfum, hið seinna „ur“ eftir örstutt bil, eins og það hafi átt að vera fleirtöluending.¹⁵

Skrúfklömbrur eru nefndar í handritum frá 1685, Bréfabók Þórðar biskups Þorlákssonar og Úttektum Hólastaðar. Þau dæmi eru ótvíræð. Farið er með *skrífklömbrur* sem fleirtöluorð, t.d.: „hamrar tveir, skrífklömbrur einar“ (stafs. mín.).¹⁶

Af þessum dæmum má álykta að orðið *klömbrur* sé komið til sögunnar snemma á 17. öld sem heiti á fastheldu. Það heiti hefir síðan verið við haft næstu tvær aldir, meðan slík áhöld voru notuð, og jafnvel fram yfir 1900. Þannig hafa orðin *klömbur* og *klömbrur* lifað hlið við hlið síðustu aldirnar.

Kristján Eldjárn (1953:154, 3. nmgr.) getur þess að bæði Sigurður

¹⁴Ekki er gert ráð fyrir því, að *n*-ið sem jafnan má búast við í ef. ft. *ön*-stofna náí sér upp í þessari stöðu, þar sem næst á undan fer samhljóðaröð sem endar á *r*-i: *-mbr*-.

¹⁵Í einu af sérsöfnum OH, „gulu seðlunum“ svonefndu (sbr. Guðrúnu Kvaran 1988:54–55), er tilvísun til þessa staðar, Nom. I:198, u. *klambra* f. (aukafall *klömbru*). Síðari þýðingin er sögð „klomburur“, en í handritinu stendur greinilega og fullum stöfum „klomburur“. Flettiorðið á seðlinum er *klambra*, en það er að sjálfsögðu komið frá skrifara seðilsins um miðja 20. öld.

¹⁶Dæmin eru tekin úr RM, þar sem flettiorðið (frá lokum 20. aldar) er haft *skrífklambra*.

Vigfússon fornfræðingur og Pálmi Pálsson menntaskólakennari hafi notað fleirtölumyndina *klömbrur* í skýrslum sínum um forngripasafnið, „enda orðið svo almennt á seinni öldum“, segir hann. Sjálfur notar Kristján (1953:155) fornu fleirtölumyndina *klambrar* en Margeir Jónsson (1924:17) yngri myndina *klambrir*. – Eftir sem áður varð fleirtöluorðið *klömbrur* langalgengasta heitið á fastheldu og einhaft sem viðliður í samsetningum.

Að formi til hefir þetta „nýja“ orð, *klömbrur*, verið skilið á þrjá vegu:

- (1) sem sjálfstætt fleirtöluorð (og stundum tvímynd við *klömbur*) án samsvarandi eintölu;
- (2) sem óregluleg fleirtala af *klömbur*;
- (3) sem regluleg fleirtala af orðinu *klambra* (sem varð til eftir á) og þá oftast í annarri merkingu en í (1) og (2).

Um þriðja atriðið verður fjallað í 4. kafla, en lítum betur á hin.

(1) Í glósnakveri Jóns biskups Árnasonar (1734:38) er latneska orðið *subscus* (-dis) skýrt með orðunum „þverslá, aurslá sem stendur undir þiljum“ (mín stafs.), en síðan bætt við: „Item Klömbrur“. Óvíst er hvað álykta má af þessu, en úr því að *subscus* er eintala, er ósennilegt að *klömbrur* hafi verið hugsað sem fleirtölumynd af *klambra* eða *klömbur*. Líklegra er að í huga Jóns hafi *klömbrur* verið tölubundið orð, og þá fleirtöluorð.

Sumir hafa hugsað sér að *klömbur* og *klömbrur* væru tilbrigði af sama fleirtöluorði sem ætti sér ekki samsvörun í eintölu (sbr. t.d. ummæli Páls Bjarnarsonar í 2.2). Lúðvík Kristjánsson (1983:35) virðist hafa litið svo á að áhaldadeitin *klömbur* og *klömbrur* væru tvímyndir, og meðferð bæjarnafnsins *Klömbur* á 19. öld, og raunar allt fram á þennan dag, bendir til þess, að tvær síðustu aldirnar hafi nafnið oftast verið skilið sem fleirtöluorð og tvímynd við *klömbrur*. Sumir hafa vitað að *klömbur* var gömul orðmynd og ekki kunnað við að sniðganga hana.

(2) Aðrir hafa talið að *klömbrur* væri (eins og *klambrir*) fleirtala af *klömbur*. Jón Magnússon (1662–1738) samdi málfræði sína á árunum 1735–1738 (Jón Axel Harðarson 1997:XXXI). Þar er nf. og þf. ft. af *klömbur* sagt tvenns konar: *klambrir* og *klömbrur* (Jón Magnússon 1997: 68–71; sbr. Jón Axel Harðarson 1997:XL–XLI). Telja má víst að Jón Magnússon hafi ekki hugsað sér að *klömbrur* væri fleirtala af *klambra*, því að orðið *klambra* er ekki nefnt (sbr. Jón Axel Harðarson 1997:XLI).

Jón úr Grunnavík hugsaði sér líka að *klömbrur* væri ft. af *klömbur*, og algengara í fleirtölu („et in plurali usitatus *klömbrur*“).¹⁷ Jón er einnig með *klömbur* á öðrum stað í orðabók sinni (u. *klemma*), og má skilja hann svo, að hann sé þar sama sinnis um eintölu og fleirtölu.¹⁸

Það er einkar athyglisvert hvernig þessir þrír fræðimenn 18. aldar brugðust við orðinu *klömbrur*. Það er eins og enginn þeirra hafi vitað af orðinu *klambra*. Annaðhvort átti *klömbrur* sér enga samsvörun í eintölu eða það orð var talið fleirtala af *klömbur* (ekki af *klambra*).

Þetta viðhorf fær að vissu leyti stuðning af orðabók sr. Björns Halldórssonar sem hann samdi að mestu á árunum 1770–1785. Þar er fleirtöluorðið *klömbrur* sérstakt flettiorð og merkir bæði ‘klemmitöng’ og ‘klungur’.¹⁹ En annað flettiorð með aðra merkingu er *klambra* ‘frustum glaciei’ (í danskri þýðingu ‘et Isstykke’), svo að ljóst er að Björn hefir ekki tengt þessi tvö orð saman, a.m.k. ekki í fyrstu. Sjá 4. kafla.

Stöldrum aðeins við merkinguna ‘klungur’ sem Björn Halldórsson þekkir. Páll Bjarnarson getur hennar líka löngu síðar. Hann segir (1921–1923:277–278):

Grunnur, grýttur jarðvegur kallast klömbrur, þar sem grjótið annað hvort stingst upp úr jörðinni skorðað eins og í klömbu eða klömbrum, eða kennist undir jarðveginum í hverju spori. Hann er ógreiðfær sakir misjafnanna bæði sumar, þá autt er, og vetur, því hann verst jafnaðarlegast akfæri. Af honum þiggja bæirnir Klömbur (víða) nafn sitt.

Þessi ályktun Páls stenst ekki, því að bæjarnöfnin eru miklu eldri en fleirtöluorðið *klömbrur*, en vel má vera að örnefnið *Klömbrur* geti haft merkinguna ‘klungur, torfæra’ (sjá um það í síðari hluta Klambrar sögu).

¹⁷Sjá uppskrift Jakobs Benediktssonar í vörslu OH. Á seðlinum er flettiorðið „*klömbur* f.“

¹⁸Jakob Benediktsson hefir þó ekki hugsað sér það í uppskrift sinni, því að hann lætur flettiorðið á seðlinum vera „*klömbur* fpl.“, en texta Jóns hefir hann þannig: „Cui nomen instrumenti fabrilis *klömbur* / f. plur. *klömbrur* spectare videtur. Danis / en Skrufsteik vel Skrufsteg“. Spurningin er hvort „f. plur.“ á við orðið á undan eða eftir. – Í 5. nmgr. var minnst á dæmi úr uppskrift af orðabók Guðmundar Andréssonar frá árunum 1665–1687. Þar verður ekki betur séð en *klömbur* hafi verið skilið sem fleirtala.

¹⁹Þýðingar orðabókarinnar eru: „subscudes, en Skruestikke“ og „saxetum invium, et stenigt Sted, hvor man ikke ret kan komme frem“.

Þegar svo er komið að lokum að fleirtölumyndin *klömbrur* hefir laðað fram eintölumyndina *klambra*, er komið til sögunnar nýtt kvenkynsorð með veika beygingu og fleiri merkingar en nú hafa verið nefndar. Um það verður fjallað sérstaklega í 4. kafla. Eftir sem áður er fleirtöluorðið *klömbrur* notað um klemmitengur. Fá dæmi er þó að finna um þá merkingu (utan orðabóka) eftir 1800 en þeim mun algengara á 19. öld að *klömbrur* sé notað í óeiginlegri merkingu um klípu, ógöngur og vandræði.²⁰ Þessi þróun er samfara því, að gömlu klambrirnar voru smám saman að víkja fyrir betri tögum og tækjum. Sigurður Vigfússon fornfræðingur segir (1881:72) að „klömbrur“ hafi verið algengar hér á landi „svo sem fyrir mannsaldri“ (þ.e. um 1850) og segist sjálfur hafa notað *klömbrur* í ungðæmi sínu, „bæði til að sverfa í skónálar og fleira“, því að hann átti ekki skrúfstykki þá.²¹

3.2 *klömbrur* í samsetningum

3.2.1 Í viðlið

Allar samsetningar sem fundist hafa með *-klömbrur* að síðari lið, sýna að aðalmerking þessa orðs hefir verið ‘klemma, fasthelda’: *skrúfklömbrur* (1685), *tréklömbrur* (1773), *ísklömbrur* (1791), *handklömbrur* (1846?), *skrúfuklömbrur* (1852), *járnklömbrur* (1920).²² Alls staðar er nefnifallið *-klömbrur*, en engin dæmi hafa fundist um *-klambrar* né *-klambrir*.

Um hvert þessara samsettu orða er aðeins ein tiltæk heimild nema um *ísklömbrur*. Um það eru þrjú dæmi, hið elsta í þolfalli, hin í þágufalli. Í þessu orði er merkingarlegur tvískinnungur. Annars vegar er það notað sem líkingamál um þær klemmitengur sem ísinn er, þegar hann læsir sig um skip og báta og hvað eina, hins vegar um ísjaka.

²⁰ Þetta endurspeglast í Supplementum Jóns Þorkelssonar (1890–1894) og orðabók Blöndals (1920–1924) sem eru mjög samhljóða um orðið *klömbrur*.

²¹ Sigurður var fæddur 1828. Sjá einnig Kristján Eldjárn 1953:154. – Þetta má einnig ráða af aldri ýmissa heita sem notuð voru um slík áhöld. Áður var minnst á orðið *skrúfklömbrur* sem kemur tvisvar fyrir í handritum frá 1685, og *skrúfuklömbrur* eru nefndar í þýðingu Magnúsar Grímssonar á Eðlisfræði Fischers 1852. Orðið *skrúfstykki* kemur fyrst fyrir undir lok 18. aldar. Frá miðbiki 19. aldar má finna orðin *fílklo* (d. *filklo*), *handklömbrur* og *handskrúfstykki*, og orðið *skrúfhelda* sést á prenti í byrjun 20. aldar. Auk þessa má nefna *handkló* ‘lítið skrúfstykki’, og *járnklömbrur* ‘Skruestikke’ er að finna í Bl.

²² Ártöl í svigum sýna aldur (elsta) dæmis skv. OH. – Dæmið um *tréklömbrur*, sem OH hefir fengið úr Þjóðskjalasafni, er í þágufalli, svo að nf. *tréklambrir* er auðvitað hugsanlegt, en verður að teljast ósennilegra.

Fyrri merkinguna má ráða af dæmum RM frá síðari hluta 19. aldar: „hann geti svo komið úr ísklömbrunum suður í sundið“ (*Skírnir* 1879:151) og „var honum kostur á að ... sneiða hjá þeim ísklömbrum, sem skipið komst í“ (*Ísafold* 1884:22). Í bæði skiptin er verið að tala um „ísklemmu“, og það orð sést einmitt á prenti skömmu síðar.²³ Þegar Bólu-Hjálmar yrkir um „klömbrur hafísa“ í kvæði sínu „Ísland“ 1874, hefir hann haft þessa sömu myndlíkingu í huga, heljargreipar hafíssins.²⁴

Elsta heimildin um *ísklömbrur* er orðabókarskýringar sr. Björns Halldórssonar frá 1791, en þar er fremur átt við ísjaka. Verður gerð nánari grein fyrir því í næsta kafla.

3.2.2 Í forlið

Athyglisvert er hvernig fleirtöluorðið *klömbrur* hagar sér sem forliður í samsetningum. Í eignarfallssamsetningum ætti það að vera *klambra-*, en um það eru ekki örugg dæmi. Forliðurinn *klambra-* gæti auk þess verið ef. ft. af *klömbur* (kv.) eða *klambra* (kv.), en ekki eru heldur örugg dæmi um slíkar samsetningar. Þar sem *klambra-* er forliður, oftast í örnefnum, virðist það vera < *klambrar-*, sbr. orðið *klambraeggur* sem nefnt var hér á undan (sjá 2.3.1). Breytingin *-ar* > *-a* er algeng í samsettum orðum, eins og kunnugt er.²⁵

Hins vegar eru nokkur dæmi um forliðinn *klömbru-*, sem fljótt á litið virðist vera ef. et. af *klambra*. En slíkar samsetningar, með *klömbru-*, eru miklu eldri en elstu dæmi þess að *klambra* sé notað (í eintölu) um klemmitöng. Þó sjást þær ekki fyrr en fleirtöluorðið *klömbrur* er komið til sögunnar.

Elsta heimildin er Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1674 (AM 281 fol., bls. 140 (138)), þar sem „fánýtir klömbrukjálkar“ eru taldir meðal eigna (sjá einnig Lúðvík Kristjánsson 1983:35). Samsetningar sem þessi verða varla skýrðar nema sem myndanir af fleirtöluorðinu *klömbrur*. Orðmyndunin virðist ekki formrétt, en slíkar sam-

²³Dæmið er þannig í RM: „4. og 5. jan. 1895 var „Fram“ í hinna voðalegustu ísklemmu“ (*Fjallkonan* 1896:138).

²⁴Erindið, sem raunar er alþekkt, er í heild þannig: „Sjá nú, hvað ég er beinaber, / brjóstin visin og fölar kinnar, / eldsteypu lýsa hraunin hér / hörðum búsiþum ævi minnar. / Kóróna mín er kaldur snjár, / klömbrur hafísa mitt aðsetur, / þrautir mínar í þúsund ár / þekkir guð einn og talið getur“ (Hjálmar Jónsson 1942:44).

²⁵Um flökt á milli *-ar* og *-a* sjá t.d. Baldur Jónsson 1969 eða 2002:87–92.

setningar eru algengar, þegar *ön*-stofnar eru annars vegar, og eru ígildi stofnsamsetninga.

Tökum sem dæmi orðin *tekjur* og *ýkjur*. Þau eru oftár í fleirtölu en eintölu, en þó er jafnan talað um *tekjuafgang* (ekki *tekna*-), *ýkjusögur* (ekki *ýkna*-) o.s.frv. Oft er reynt að forðast ef. ft. af *ön*-stofnum.²⁶ Mörg ungleg ávaxtaheiti hafa veika beygingu og eru algeng í samsetningum (*appelsínu*-, *kartöflu*-, *sveskju*-) en sjást varla í ef. ft. Öðru máli gegnir um *epli* sem er hvorugkynsorð, sterkrar beygingar. Það er oftast í ef. ft. í samsetningum (*eplagrautur*, *eplasafi*). Gott dæmi um þennan mun eru orðin *kartöflurækt* og *jarðeplarákt*.²⁷

Í miðaldamáli eru mörg dæmi um orðið *stjarna* í forlið samsetninga. Það er ætíð haft *stjörnu*- en aldrei *stjarna*- (né *stjarn*-, eins og síðar varð), ekki einu sinni þar sem forliður krefst fleirtölumerkingar, svo sem í orðunum *stjörnuljós*, *stjörnumark* og *stjörnutal*.²⁸

Orðmyndun sem þessi ætti því ekki að hafa verið framandi á 17. öld. Þannig skýrast samsetningarnar *klömbrukjálki* (1674), *klömbruveggur* (1780), *klömbruhnaus* (miðbik 19. aldar) og jafnvel samsetningar sem sjást ekki í heimildum fyrr en eftir 1900, þegar orðið *klambra* er þó komið í notkun. Sumar lúta að klemmitöngum: *klömbruborð* 'Filebænk' (Bl.), *klömbrumatur* og *klömbrumunni* (sjá 4.2.3), en aðrar að torfhleðslu: *klömbruhnaus* (19. öld), *klömbruveggur*, *klömbrulag* (20. öld). Þær má allar skýra á sama hátt.

Þegar á 18. öld má sjá merki þess að forliðirnir *klömbru*- og *klambrar*- séu lagðir að jöfnu. Í bréfi, dags. 3. apríl 1780, svarar Hannes Finns-son fyrirspurn frá Guðmundi Péturssyni um orðið *klambrarveggr* og kemst svo að orði: „*klömbru*- eða *klambrarveggr* er ...“ (Kristján Eldjárn 1953:152).

Í síðari hluta *Klambrar sögu* verður vikið nánar að forliðunum *klambra(r)*- og *klömbru*-, einnig í örnefnum. Athuga þarf hvort *klömbru*-er forliður sem tekur beinlínis við af *klambrar*- (umskipti), hvað sem beygingu liður, og hvort sama gildir um örnefni. Samsett orð frá síðustu öldum væru þá síður myndað með *klambrar*- að forlið, en fremur,

²⁶Þetta sést t.d. á orðum eða orðasamböndum úr máli síðustu kynslóða, svo sem *átta línu lampi*, *tíu tommu nagli*, *hundrað krónu seðill*, *fimm stjörnu hótél*, *átján holu völlu*, *20 gráðu frost* og öðrum slíkum. Sjá um skyld dæmi Baldur Jónsson 1984:173 eða 2002:214.

²⁷Yair Sapir (2003:129) minnst einnig á þetta og nefnir m.a. að sagt er *smákökubakstur*, en aldrei **smákaknabakstur*.

²⁸Hér er eingöngu stuðst við Fritzner.

jafnvel eingöngu, með *klömbru*-. Telja má víst að sumum örnefnum hafi verið breytt þannig með umskiptum. Sama gæti átt við um önnur fleirtöluorð í örnefnum, og er ástæða til að vera á varðbergi gagnvart slíku við örnefnaskýringar.

4 Nafnorðið *klambra*

Svo fór að lokum að fleirtöluorðið *klömbrur* laðaði fram eintölumynd sína, *klambra*, sem eftir það gat verið, hvort heldur sem var, tölubeygt orð eða eintölubundið, en notkun eintöluorðsins hefir verið sjaldgæf.

Orðið *klambra* skýtur fyrst upp kollinum í orðabók Björns Halldórssonar. Þar er það flettiorð og talið merkja 'ísstykki' en er hálfgerð draugorð í þeirri merkingu, eins og síðar verður sýnt fram á. Alla 19. öld eru nánast engin örugg dæmi um orðið *klambra* (nema sem bæjarnafn undir Eyjafjöllum). Á 20. öld bregður því fyrir í eintölu, þegar rætt er um smíðatengur og hnausa, en er oftast í fleirtölu. Vera má að í merkingunni 'hnaus' sé það myndað á annan hátt en í hinum merkingunum og skuli að því leyti teljast annað orð. Meira um það síðar (sjá 4.2.4), en ljóst er að orðið *klambra* á sér bæði stutta sögu og slitrótta.

Víkjum fyrst að beygingu orðsins, síðan að merkingum og notkunardæmum og loks nánar að aldri þess.

4.1 Beyging

Kvenkynsorðið *klambra* beygist svo:

4. tafla

	eintala	fleirtala
nf.	klambra	klömbrur
þf.	klömbru	klömbrur
þg.	klömbru	klömbrum
ef.	klömbru	klambra

Þannig tölubeygist orðið *klambra* sem heiti á sérstökum torfhleðsluhnaus, en einnig má nota það eingöngu í eintölu sem efnisheiti eða tegundarheiti á klömbruhnausum.²⁹

²⁹Orðabók Háskólans hefir þetta dæmi úr *Árbók Þingeyinga* 1980:60: „Hann kvaðst eiga til nokkuð af „klömbru“ í stökkum sem hann hefði ætlað í hesthús, sem hann þyrfti að byggja við tækifæri“.

Sem heiti á klemmitöngum hefir *klömbrur* lengst af verið fleirtölu-orð síðustu aldirnar, eins og fram hefir komið, en þegar kemur fram á 20. öld, sjást dæmi um að slíkt áhald sé nefnt *klambra*. Orðið hefir þá getað fengið tölubeygingu í þeirri merkingu, en varla hefir verið mikið um það.

4.2 Merkingar og notkun

Ef allt er talið, má greina fjórar merkingar í orðinu *klambra*: ‘lítill ísjaki’, ‘klípa’, ‘klemmitöng’ og ‘hleðsluhnaus’.³⁰ Eflaust má rekja þær allar til sömu rótar. Aðalmerkingin er ‘hleðsluhnaus’, og er hún þó einna síðast til komin. Um sumar hinna eru aðeins örfá dæmi, jafnvel hæpin, en nauðsynlegt er að gera þeim nokkur skil.

4.2.1 Merkingin ‘ísjaki’

Björn Halldórsson samdi orðabók sína að mestu á árunum 1770–1785 og þýddi flettiorðið *klambra* með ‘frustum glaciei’ án frekari skýringa eða dæma. Þegar mágur hans, Jón Ólafsson Svefneyingur, var fenginn til að fara yfir orðabókarhandritið með útgáfu í huga, var *klambra* eitt þeirra orða sem hann bað um nánari skýringu á; það var ekki betur þekkt en svo. Björn tók saman skýringar handa mági sínum 1791, en var þá orðinn sjónðapur og fékk annan mann til að skrifa þær fyrir sig. Um viðbrögð Jóns við svári sr. Björns er ekki vitað.³¹

Í skýringunum segir Björn að *klambra* sé „lítill ísjaki“ og tekur þetta notkunardæmi: „það rekr ecki anad hia mier enn nockrar isklombrur“. Dönsku þýðingunni, „et Isstykke“, var bætt við síðar.³²

Þarna gætir nokkurs misræmis, þar sem flettiorðið er *klambra*, en notkunardæmið er samsett orð, *ísklömbrur*, m.a.s. í fleirtölu. Það orð er kunnugt af yngri heimildum, eins og nefnt var hér á undan (sjá 3.2.1), og hefir verið skilið sem fleirtöluorð eins og önnur samsett orð

³⁰ Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:470–471) tekur upp nafnorðið *klambra* sem tvö orð. Hið fyrri telur hann að merki ‘klaki, ísstykki’, en hið síðara bæði ‘klemmitöng’ og ‘hleðsluhnaus’. Bæði orðin merkir hann 17. öld, en ekki er ljóst hvað hann hefir haft fyrir sér í þeirri tímasetningu.

³¹ Jón Helgason gaf þessar skýringar út 1967, en þær voru ekki birtar í orðabók Björns 1814, heldur í annarri útgáfu 1992. Sjá Jón Helgason 1967:101–160 og útgáfu Jóns Aðalsteins Jónssonar 1992:xv–xvi; sbr. *AM* 422 fol., bls. 537.

³² Hér er farið eftir útgáfu Jón Aðalsteins Jónssonar á orðabók Björns 1992:269.

með þessum viðlið. En úr því að sagt er „nokkrar ísklömbrur“, má vel skilja það svo, að „ísklömbrur“ sé tölubeygð fleirtala fremur en tölubundin. Hér er ekki átt við klemmitengur íssins, heldur einstaka ísjaka, enda tengir Björn þetta ekki við fleirtöluorðið *klömbrur* sem hann hefir sem flettiorð á öðrum stað og segir að merki ‘klemmitengur’ og ‘klungur’.³³ Orðið *klambra* er þá nánast stytting á **ísklambra*, sem engar heimildir eru þó um (í eintölu).

Þetta orð, *klambra* ‘Ísstykke’, kemst síðan áfram í orðabók Blöndals og þaðan í allar útgáfur *Íslenskrar orðabókar*, skýrt með orðinu „ísstykki“, sem er aðalmerkingin, og reyndar sú eina, í 1. útgáfu 1963. Að öðru leyti er ekki vitað til þess að *klambra* sé haft um ísjaka eða ísstykki. Það hefir einungis lifað sem eins konar afturganga í orðabókum í þessari merkingu.

Skammt er á milli merkinganna ‘ísklemma’ og ‘ísjakar’, enda er klömbrin gerð úr ísjökum. Það sést vel í dæminu úr *Ísafold* (1884:22): „var honum kostur á að ... sneiða hjá þeim ísklömbrum, sem skipið komst í“. Líklegast er að orðið *ísklömbrur* hafi eitthvað verið notað um daga Björns Halldórssonar, úr því að hann grípur til þess, og það hafi verið haft um jakahröngl og erfiðan ís á skipaleiðum. Björn hefir þá getað tengt orðið við ísjaka fremur en klemmu af þeirra völdum, og þá er skiljanlegt að eintölumyndin *klambra* hafi leitað á.

Björn Halldórsson hefir sett stofn orðsins *klambra* í samband við eitthvað frosið, ísjaka eða frosinn moldarköggul, eitthvað sem er ótraust og lítið verður úr þegar þiðnar, og tengir þetta allt við merkinguna í sögninni *klambra* ‘smíða óvandlega’.

4.2.2 Merkingin ‘klípa’

Í *Fjallkonunni* 1901 er eitt dæmi, svolítið varhugavert, þar sem *klambra* er notað í merkingunni ‘klípa’: „Allir sjá í hverjum nauðum herra Bjerre er staddur þar inni í klömbrunni milli helvítis-prestanna og útskúfunarneitendanna“ (*Fjallkonan* 14. febrúar 1901, 18. árg., 6. tbl., bls. 2). Þá merkingu hafði orðið *klömbur*, en þó einkum fleirtöluorðið *klömbrur*, á síðari hluta 19. aldar, og eru mörg dæmi um það í söfnum Orðabókar Háskólans.³⁴ Lítið er því upp úr þessu eina dæmi leggj-

³³Þýðingar Björns má sjá í 19. nmgr.

³⁴Sum dæmin eru í þágufalli, *klömbrum* eða *klömbrunum*, og sést þá ekki hvort nefnifallið á að vera *klömbur*, *klömbrur* (ft.) eða *klambra*.

andi. Þar gæti verið um prentvillu að ræða eða pennaglöp (*klömbrunni* fyrir *klömbrinni*). En það gæti líka verið ósvikið merki þess að orðið *klambra* hafi verið komið í notkun, sbr. þau ummæli Páls Bjarnarsonar að það orð leitaði á um hans daga á kostnað orðsins *klömbur* (sjá 2.2).

4.2.3 Merkingin ‘klemmitöng’

Páll Bjarnarson (1921–1923:277–278) notar tvívegis orðin *klambra* og *klömbrur* jöfnum höndum um smíðatöng, sbr. tilvitnun hér á undan (sjá 3.1). Nú er vitað um tvö dæmi til viðbótar um eintöluorðið í þessari merkingu. Annað má teljast frá 1927 en hitt frá miðri 20. öld, þegar slíkir gripir voru orðnir úreltir.

Lítum fyrst á síðarnefnda dæmið. Það er á orðabókarseðli í talmálssafni OH, þar sem Jakob Benediktsson hefir skrifað lýsingu á klömbrum eftir Eyjólfí Guðmundssyni (1870–1954), bónda á Hvoli í Mýrdal.³⁵ Eyjólfur hefir jafnframt skýrt frá samsettu orðunum *klömbrumatur* og *klömbrumunni*, en óvíst er um aldur þeirra eða útbreiðslu. Það sem Eyjólfur kallar *klömbrumat* (eða *mat*) er fleygur sá sem áður hét klambrarveggur, og *klömbrumunni* er sá endi á klömbrinni sem hélt viðfangshlutnum föstum. Þessi orð eru að öðru leyti óþekkt. Líklegast eru þau staðbundin og ekki til komin fyrr en orðið *klömbrur* (ft.) hafði tekið við því hlutverki sem *klömbur* (et.) hafði áður og *klömbrur*-orðinn nærtækur forliður, sbr. dæmið um samsetta orðið *klömbrukjálki* (sjá 3.2.2).³⁶

Hitt dæmið kom ekki upp í hendurnar á mér fyrr en þessi ritgerð var nærri fullsamin. Hans Kuhn (1899–1988), síðast prófessor í Kiel, ferðaðist ungur um Ísland þvert og endilangt og safnaði gömlum og úreltum nytjahlutum sem fólk var þá sem óðast að farga. Þessa muni flutti hann til Þýskalands þar sem þeir eru varðveittir á Þjóðfræðasafninu í Hamborg (Hamburgisches Museum für Völkerkunde und

³⁵Flettiorðið á seðlinum er „klömbrur, f. pl.“, en á einum stað í lýsingunni er orðið notað í eintölu („Leit þá klambran út þannig“). – Á öðrum seðli í talmálssafninu er lýsing á *klömbrum*, rituð eftir Steinþóri á Hala (d. 1981), dagsett 6. mars 1978. – Þessum hlutum hefði ekki þurft að lýsa, eins og gert var, ef alkunnir hefðu verið. Þeir hafa horfið úr notkun snemma á 20. öld og víða fyrr.

³⁶Reyndar hafa mörg önnur tangerheiti sést, sum búin til af fræðimönnum til skýringar. Meðal þeirra sem orðið hafa á vegi mínum og hafa a.m.k. svipaða merkingu og *klömbur* eru: *fasthelda*, *haldóra*, *haldstokkur*, *handskrúfstykki*, *klemmitöng*, *klofatöng*. Sjá einnig 3.2.1.

Vorgeschichte). Hann skrásetti þá alla, ritaði skýringar með og kallaði hvern hlut því nafni sem honum var kennt á fundarstað. Safnið í Hamborg lét gera vandaðar teiknimyndir af þessum munum, og hafa þær nýlega (2003) verið birtar í ritsafninu *Úr torfbæjum inn í tækniöld* á vegum Örlygs Hálfðanarsonar bókaútgefanda. Hverri mynd fylgir íslenskt heiti og stuttur skýringartexti sem Árni Björnsson þjóðháttasfræðingur hefir samið eða þýtt eftir frumgögnum frá Hans Kuhn. – Í fyrsta bindi þessa verks eru tvær myndir sem þetta mál varða. Við aðra þeirra stendur *klambra* en við hina *klömbrufleygur*. Þær eru af grip sem Kuhn fékk úr dánarbúi Benedikts Hermannssonar (1845–1918) í Reykjarfirði á Hornströndum sumarið 1927.

Við fyrri myndina er þessi lýsing (bls. 451): „**Klambra**. Hún er í tveim hlutum úr tré og haldið saman með hnoðnagla úr járni. Fleygurinn nefnist *tugga*“.

Heitið *klambra* er tekið úr gögnum Hans Kuhn, sömuleiðis orðið *tugga* um fleyginn (klambrarvegginn), en við teikninguna af honum hafði Kuhn aðeins skrifað þýska orðið *Keil*. Árni þýddi það með orðinu *klömbrufleygur* sem hann bjó sér til.³⁷ Sú samsetning er því frá lokum 20. aldar, en orðið *klambra* hefir verið notað norður á Hornströndum 1927 og fleygurinn heitið *tugga* eins og sams konar fleygur í hefli. Austur í Mýrdal hét áhaldið líka *klambra* en fleygurinn *matur*.³⁸

Loks má geta þess hér að til er eitt dæmi um tilbrigðið *klembra* í sams konar merkingu, þ.e. ‘klemma’. Um það verður fjallað síðar.

4.2.4 Merkingin ‘hleðsluhnaus’

Klambra kemur seint fram í þessari merkingu og mun þá vera stytting á orðinu *klömbruhnaus*. Það er því að vissu leyti annað orð en *klambra* í hinum merkingunum þremur.³⁹

Á 18. og 19. öld voru alls konar heiti á hleðsluhnausum, þar á meðal *klumbuhnaus* og *hnakkahnaus*. Þeir virðast hafa verið sömu gerðar og *klambrarhnaus*, eins og Magnús lögmaður Ólafssonar skýrði það orð

³⁷Svo sagði Árni mér í símtali 27.5. 2004, þegar ég spurðist fyrir um þetta. Ég þakka honum fyrir að hyggja sérstaklega að þessu fyrir mig.

³⁸Þegar ég spurði Þórð Tómasson, safnvörð í Skógum, um heiti á þessum hlut í samtali 6.6. 2004, kom honum ekki annað í hug í fyrstu en „klambrarveggur“ (úr bókum), en þegar ég nefndi „mat“, kannaðist hann við það heiti en ekki við „tuggu“.

³⁹Hér kemur upp alþekkt álitamál um „polysemy“ og „homonymy“ sem ekki verður rætt frekar hér.

(sjá 2.3.2). Heitið *klambrarhnaus* sést aðeins í þremur heimildum frá 18. öld, en síðan ekki söguna meir. Um miðja 19. öld er *klömbruhnaus* komið í staðinn.⁴⁰ Það orð komst ekki í orðabók Blöndals fyrr en í viðbæti 1924. A.m.k. sum þessara heita hafa verið staðbundin, en það hefir ekki verið rannsakað sérstaklega.

Fljótt á litið mætti ætla að *klömbruhnaus* væri dregið af *klambra* (kv.), en svo mun ekki vera. Líklegra er að það sé dregið af fleirtöluorðinu *klömbrur* (sbr. *klömbrukjálki*) eða öllu heldur að það sé til orðið við umskipti, þ.e. skipt hafi verið um forlið, *klömbru-* sett í stað *klambrar-* (sbr. 3.2.2). Hins vegar mun *klambra* vera stytting á *klömbruhnaus*. Slíkir hnausar hafa í styttingar skyni verið kallaðir *klömbrur*, og þá kom það af sjálfu sér að einn hnaus hét *klambra*.

Elsta beina dæmið um *klömbrur* í þessu hlutverki er úr *Lesbók Morgunblaðsins* 1. ágúst 1926. Þar birtist grein eftir „V. St.“, þ.e. Valtý Stefánsson (1893–1963), og nefnist „Í Heiðarseli“. Valtýr hafði farið Kollugafjall ríðandi þá um vorið á leið frá Blönduósi til Sauðárkróks og segir svo frá (bls. 4): „Þegar jeg kom niður undir tún í Heiðarseli, hitti jeg drenghnokka, sem var að að flytja klömbrur í krókum“.⁴¹ Síðan er ekki orð um þetta meir, en hnausar til hleðslu voru fluttir á hestum í torfkrókum (um *torfkróka* sjá Bl.). Valtýr var fæddur og upp alinn á Möðruvöllum í Hörgárdal og hefir verið vanur þessu orðalagi.

Þótt engin dæmi séu tiltæk um að hnausar heiti *klömbrur* fyrr en komið er fram á 20. öld, eru um það nægar heimildir, síðan fræðimenn og áhugamenn um horfna verkhætti fóru að lýsa klömbruhleðslu í ritum sínum.⁴² Meðal þeirra var sr. Jónas Jónasson frá Hrafnagili (1856–1918). Í *Íslenskum þjóðháttum*, sem komu út að honum látnum 1934, er talað jöfnum höndum um *klömbrur* og *klömbruhnausa*, og þar kemur

⁴⁰Elstu dæmi RM eru: 1. „séu það „klumbuhnausar“ (klömbruhnausar) er skorið fyrir þeim milli skurðanna“ (*Gestur Vestfirðingur* 4. árg. 1854:68). – 2. „Vjer gjörum ráð fyrir, að af vænum klömbruhnausum muni þurfa 2000“ (*Ársritið Húnvetningur* 1857:83).

⁴¹Dæmið er fengið eftir tilvísun RM, en þar stendur ranglega: „flytja klömbrur í krókin“.

⁴²Sjá t.d. Sæmund Dúason 1967:136–139 og Guðmund Þorsteinsson frá Lundi 1975:102. – Eitt nýjasta notkunardæmið er á þessa leið: „Fyrstu tvö sumurin sváfu þeir feðgar í tjaldi, en síðasta sumarið var byggður handa þeim kofi úr klömbrum og torfi og tjaldaður striga að innan“ (*Úr torfbæjum inn í tækniöld*, bls. 231). Hér er sagt frá því, er Hans Kuhn prófessor var með sonum sínum við mæðiveikivarnir frammi á Glerárdal 1947–1949.

skýrt fram að torfhleðsla var mismunandi eftir landshlutum (sjá Jónas Jónasson 1945:443 og nm.).

Það er eftirtektarvert hvað *klambra* kemur seint fram í orðabókum í merkingunni ‘hleðsluhnaus’ (og síðar en *klömbruhnaus*). Orðabók Blöndals (1920–24) þekkir það aðeins í merkingunni ‘Ísstykke’ (frá Birni Halldórssyni), en *klambra* fær ekki merkinguna ‘hleðsluhnaus’ fyrr en í viðbætinum 1963 (BlVb.), og sú merking kemst ekki í *Íslenska orðabók* fyrr en í 2. útgáfu 1983. Nokkrir glöggir menn eyfiskir sem spurðir voru um orðin *klömbruhnaus* og *klambra* fyrir fáeinum árum, brugðust ókunnuglega við þeim, einkum orðinu *klambra*. Einn sagðist þó þekkja bæði orðin.⁴³

Niðurstaðan verður þá sú að örugg dæmi um orðið *klambra* sem heiti á hleðsluhnaus hafi ekki fundist fyrir 1900 og raunar engin eldri notkunardæmi (í eintölu) í öðrum merkingum heldur.⁴⁴

Þessi niðurstaða kemur mjög á óvart miðað við umræðu síðustu ára um klömbruhnausa í torfveggjum og klömbruhleðslu eins og nú er oftast sagt.

4.3 Aldur orðsins *klambra*

Það kann að þykja vafasamt að kvenkynsorðið *klambra* sé jafnungt og hér hefir verið haldið fram, en allt bendir þó til að svo sé. Þetta orð sést aldrei í rituðu máli fyrr en í orðabók Björns Halldórssonar og er þá stakt dæmi og tortryggilegt eins og fram hefir komið. Í gögnum orðabókar Árnanefndar í Kaupmannahöfn, um forn málið, hafa engin dæmi fundist um orðið *klambra*.⁴⁵ Um 1800 verður fyrst vart við bæjarnafnið *Klambra* í stað *Klömbur*.

⁴³Gunnlaugur Haraldsson þjóðháttafræðingur, ættaður austan af landi, hefir unnið við torfhleðslu, m.a.s. við að hlaða úr *klömbruhnaus*. Það orð notaði hann í samtali við mig (í maí 2005), en þekkti þá ekki orðið *klambra*.

⁴⁴Samsetningarnar *klömbrukjálki*, *klömbruveggur* og *klömbruhnaus* teljast ekki notkunardæmi. Þótt forliðurinn geti verið ef. af *klambra* þarf hann ekki að vera það.

⁴⁵Ég þakka Þorbjörgu Helgadóttur cand. mag. fyrir að hyggja að þessu fyrir mig. – Í orðasafni sem fylgir Sturlunguútgáfu Svarts á hvítu 1988 er orðið *klambra* meðal flettiorða, en þar gætir misskilnings. Orðið *klambrarveggur* er skýrt með orðunum „veggur hlaðinn úr *klömbrum*“ og *klömbrum* skilið sem þágufall fleirtölu af kvenkynsorðinu *klambra*, sem síðan er gert að flettiorði. Skýring orðsins *klambra* er auk þess vafasöm, en hún virðist tekin orðrétt úr *Íslenskri orðabók* 1983. Sjá *Skýringar og fræði* 1988:336.

Auðvitað gæti orðið *klambra* verið mun eldra en elstu heimildir og tilviljun ráðið því, að það hefir ekki birst fyrr í varðveittum ritum, en flest mælir gegn því. Hið eina sem gæti bent til þess, að það hafi verið komið í notkun fyrir 1700, er orðið *klömbrukjálki* (1674), en eins og rakið var hér á undan, er sú röksemd alls ekki bindandi, síður en svo (sjá 3.2.2).

Það sem veit hins vegar á ungan aldur, eru heimildirnar sjálfar, þótt gloppóttar séu. Einkum er athyglisvert hvernig fræðimenn á 18. öld brugðust við orðinu *klömbrur*. Framan af virtist þeim ekki detta í hug að það orð gæti verið fleirtala af *klambra*, og væri það þó nærtækast. Því er ólíklegt að *klambra* hafi verið tíðkanlegt orð fyrir miðja 18. öld. Þó að Björn Halldórsson hafi það sem flettiorð um „ísstykki“, verður ekki séð að neinn annar kannist við það í þeirri merkingu (sbr. 4.2.1). Sjálfur virðist hann ekki þekkja merkinguna ‘hleðsluhnaus’.

Dæmi um að *klambra* sé notað (í eintölu) um fastheldu eru ókunn fyrir 1900, og sama er að segja um merkinguna ‘hleðsluhnaus’. Ferill bæjarnafnsins *Klömbur* styður loks þá ályktun að orðið *klambra* sé lítt þekkt fyrir 1800 og fari tæplega að tíðkast að neinu ráði fyrr en á 20. öld.⁴⁶

4.4 *klambra* í samsetningum

Engin dæmi eru kunn um viðliðinn *-klambra* (í eintölu), en *klömbrur* er ekki óalgengur forliður í samnöfnum og örnefnum. Um hann hefir þegar verið fjallað í 3.2.2. Sjá einnig yfirlitið hér á eftir.

5 Yfirlit yfir samsetningar

Til glöggvunar skal hér að lokum dregið saman hvernig orðin *klömbur*, *klömbrur* og *klambra* haga sér í þeim samsettu orðum, 16 að tölu, sem til umræðu hafa verið:

⁴⁶Í íslensku miðaldamáli eru vandfundin ótvíræð dæmi um að hreinir *ō*-stofnar (*klömbur*) og hreinir *ön*-stofnar (*klambra*) séu af sömu rót (án hljóðskipta), en það kann að vera tilviljun. Stundum getur ástæðan verið sú að ekki er auðvelt að greina á milli *ō*-stofna og *i*-stofna. Slíkar samstæður verða helst fundnar með fulltingi norskra eða ungna dæma. Nefna má dæmin *skor* : *skora* (norskt), *dvöl* : *dvala* (norskt). Ekki gagnast samstæðan *gröf* : *grafa*, því að *grafa* er nýyrði frá 20. öld (1917); sjá dæmi í OH. Í dæmunum *dreif* : *drífa*; *gjöf* : *gáfa* eru hljóðskipti í rótinni.

5. tafla

	forliður	viðliður
klömbur	<i>klambrar-</i>	2
klömbrur	<i>klömbru-</i>	6 <i>-klömbrur</i> 6
klambra	<i>klömbru-</i>	2

Elsta orðið, *klömbur*, og yngsta orðið, *klambra*, eru minnst notuð, eins og við mátti búast. Fleirtöluorðið *klömbrur* er algengast í samsetningum, bæði sem forliður og viðliður, og raunar hið eina þessara þriggja orða sem kemur fyrir sem viðliður.

Alls hafa 10 samsetningar verið nefndar með eitthvert þessara orða að forlið, og eru þær taldar upp á yfirlitinu hér á eftir. Tölur í svigum segja til um aldur (útgáfuár) heimildar. Er þá miðað við elsta dæmi, ef því er að skipta. Dæmum er raðað í aldursröð í hverjum lið. Hér er eingöngu átt við samnöfn, en um örnefni verður fjallað í síðari hluta Klambrar sögu.

klömbur:	<i>klambrarveggur</i> (13. öld), ⁴⁷ <i>klambrarhnaus</i> (18. öld);
klömbrur:	<i>klömbrukjálki</i> (1674), <i>klömbruveggur</i> (1780), <i>klömbruhnaus</i> (1854), ⁴⁸ <i>klömbruborð</i> (1920–1924), <i>klömbrumatur</i> (um 1950), <i>klömbrumunni</i> (um 1950);
klambra:	<i>klömbrulag</i> (1967), <i>klömbrufleygur</i> (2003).

Það er túlkunaratriði hvort orðin *klömbrumatur* og *klömbrumunni* teljast dregin af *klömbrur* eða *klambra*. Hitt skiptir meira máli að þessi *klömbru*-orð eru meðal yngstu samsetninganna. Flokkunin styðst við kynningu orðanna hér á undan. Orðið *klömbrulag* merkir 'lag af klömbrum', en er samt ekki myndað af fleirtöluorðinu *klömbrur*, held-

⁴⁷Um dæmið *klambraveggur* (miðbik 19. aldar), sjá 2.3.1.

⁴⁸Um afbrigðið *klembruhnaus* (1791) verður fjallað síðar. – Dæmi um *klömbruhnaus* er skv. netútgáfu OH að finna í *Tímariti Máls og menningar* 1982:167, en það er rangt. Í heimildinni stendur *klömbruhnaus* (ekki *-haus*). Dæmið er úr ritgerð eftir Peter Hallberg og er í tilvitnun úr bók Halldórs Laxness, *Í túninu heima*. Þar stendur líka *klömbruhnaus* (útg. 1975), bls. 213: „... nýnæmi að vera staddur í heimi sem samanstóð af kubbum klömbruhnaus, öðru nafni rombu, strýtum keilum og öðru rúmfræðilegu fígúruverki“. Hallberg endurtekur orðið *klömbruhnaus* á bls. 168 í ritgerð sinni. Orðið *romba* er óvenjulegt tökuorð, sbr. d. *rombe* 'tigull' (í stærðfr.). Um uppruna þess sjá t.d. *Nudansk ordbog*. Engin íslensk orðabók hefir tekið upp flettiorðið *romba*, og engin önnur heimild er um að það orð hafi verið annað nafn á klömbruhnaus. Óvíst er því hvaðan Halldór Laxness hafði það að klömbruhnaus væri e.k. tigull eða samsíðungur. Nær hefði verið að líkja saman sniddu og „rombu“.

ur af orðinu *klambra*, í ft. *klömbrur*. Yngsta orðið, *klömbrufleygur*, er myndað af orðinu *klambra*, eins og fram hefir komið.⁴⁹

Yfirlit yfir samsetningarnar styrkir mjög þær hugmyndir sem hér hafa verið settar fram um feril og aldursröð orðanna.

6 Lokaorð

Margt hefir verið óljóst um meðferð og merkingu orðanna *klömbur*, *klömbrur* og *klambra*. Þau flækjast hvert í öðru í beygingu, svo að margir hafa misst tókin á þeim, og nú eru þau orðin framandleg flestum, einnig bæjarnafnið *Klömbur*, sem enn lifir þó á tveimur stöðum. Hvað merkir það, og hvernig beygist það? Þannig er enn spurt, þó að fræðimenn hafi gert því efni sæmileg skil, einkum Margeir Jónsson (1924) og Kristján Eldjárn (1953).

Ný rannsókn á ferli þessara orða hefir nú leitt í ljós margan miskilning bæði lærðra manna og leikra á umliðnum öldum, svo sem bent er á víða í þessari ritgerð, bæði í meginmáli og neðanmálgreinum.

Upphaflega var ætlunin að skerpa á svörum við spurningum um beygingu orðsins *klömbur* (og bæjarnafnsins sérstaklega) og kanna um leið hvort eða hvernig kvenkynsorðið *klambra* (ft. *klömbrur*) tengdist orðinu *klömbur*. Það hefir nú verið kannað og skýrt. En smám saman vöktu þær athuganir upp nýjar spurningar sem ekki voru séðar fyrir í upphafi.

Að þessu sinni er ekki rúm til að skýra frá öllu sem rannsóknin leiddi í ljós, og verður sumt að bíða betri tíma. Í síðari hluta *Klambrar sögu* verður fjallað um bæjarnafnið *Klömbur* og um *klömbur* í örnefnum. Greinargerð um stofntilbrigðin *klambr-/klembur-* bíður einnig birtingar og enn fremur nánari umræða um hnausaheiti og torfhleðslu.

En hið helsta sem hér hefir komið fram er þetta:

Kvenkynsorðið *klömbur* (< *klömbr* < **klambrō*) merkir upphaflega 'þrengsli, klemma'. Þegar á miðöldum var það nafn á fastheldu, þ.e. áhaldi sem notað var til að halda hlut föstum, og leynist í orðinu

⁴⁹Þegar þessi ritgerð var fullbúin til birtingar, fannst enn eitt dæmi nýlegt, *klömbrumunstur* (sjá Guðmund Ólafsson og Svend E. Albrethsen 2000:105). Það áréttar það sem gefið var í skyn í niðurlagi 3. kafla, að tilhneiging sé til að nota *klömbru*-sem allsherjarforlið, hvort sem átt er við *klömbur*, *klömbrur*, *klömbru* eða jafnvel *klömbruhleðslu* o.fl.

klambrarvegg, en svo hét fleygur í slíku áhaldi, eins og Kristján Eldjárn benti á 1953. Einnig er fornt dæmi um að *klömbur* hafi merkt 'herkví'.

Klömbur beygist eins og *fjöður*. Það er upphaflega *ō*-stofn (sjá 1. töflu), en í nf. og þf. ft. fékk það snemma endinguna *-ir* í stað eldra *-ar*. Sú breyting nær til allra *ō*-stofna sem báru merki *u*-hljóðvarps eða *u*-klofningar og er reglubundin og altæk innan þeirra marka. Því er eðlilegt að beygja orðið nú á dögum eins og sýnt er á 2. töflu. En beygingin hefir átt erfitt uppdráttar síðustu aldirnar, enda hefir dregið mjög úr notkun orðsins, og áhaldið, sem upphaflega hét *klömbur*, hvarf að mestu leyti úr notkun á 19. öld.

Eftir *u*-innskotið (*klömbr* > *klömbur*) á 14. öld verður *klömbur* smám saman að fleirtölumynd í vitund manna. Til samræmis við þágufall og eignarfall fleirtölu, *klömbrum*, *klambra*, kemur þá upp myndin *klömbrur* í nefnifalli og þolfalli. Má sjá merki hennar snemma á 17. öld. Eftir það verður fleirtöluorðið *klömbrur* hið venjulega heiti á fastheldu og fær síðar fleiri merkingar, svo sem 'klípa, vandræði; ógöngur, torfæra' o.fl. Orðið *klömbur* lifir þó áfram, einkum sem bæjarnafn.

Síðasti áfanginn á þessum ferli er sá að fleirtölumyndin *klömbrur* getur af sér samsvarandi eintölumynd, *klambra*. Hennar verður vart um aldamótin 1800, bæði sem samnafns og bæjarnafns. Þó eru ekki dæmi um notkun samnafnsins, svo að fullt mark sé á takandi, fyrr en eftir 1900. Er *klambra* þá annaðhvort haft um fastheldu (nú fágætt) eða sérstakan torfhleðsluhnaus (sums staðar norðanlands). Sem heiti á hnaus mun það vera stytting úr *klömbruhnaus* (áður *klambrarhnaus*).

Þessi niðurstaða kemur á óvart, því að ástæða var til að ætla að *klömbruhnausar* ættu sér langa sögu og *klambra* (í ft. *klömbrur*) væri líka fornt heiti. Nú þarf að endurskoða það mál með hliðsjón af orðsögunni.

Sérstaklega var hugað að orðunum *klömbur*, *klömbrur* (ft.) og *klambra* í samsetningum. Sú athugun var einkar fróðleg, og má af samsetningunum læra nokkuð um feril þessara orða bæði í samnöfnum og örnefnum. Forliðurinn *klömbru-*, sem nú mun vera tíðastur, er seint til kominn. Hann verður ekki til fyrr en fleirtöluorðið *klömbrur* er komið til sögunnar á 17. öld. Sýnt er hvernig eignarfall slíkra fleirtöluorða er sniðgengið í íslenskum samsetningum. Því er *klömbru-* eðlilega dregið af *klömbrur* eins og t.d. *ýkju-* (en ekki *ýkna-*) af *ýkjur*. En þegar fleirtöluorðið breiðist út á kostnað gamla orðsins *klömbur*, vinnur forliðurinn *klömbru-* einnig á og ryður jafnvel burt hinum eldri, *klambra(r)-*. Þá er

skipt um forlið án þess að skeyta um beygingu. Torfhleðsluhnaus sem kallaður er *klambrarhnaus* á 18. öld fær heitið *klömbruhnaus* um miðbik 19. aldar og heldur því síðan.

Heimildir

Prentuð rit

ÁBIM.: Sjá Ásgeir Blöndal Magnússon.

Árni Björnsson, Hans Kuhn o.fl. 2003. *Úr torfbæjum inn í tækniöld 1*. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur ehf.

Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.

Baldur Jónsson. 1969. Hvers vegna Bolungarvík? *Morgunblaðið* 26. nóv., bls. 12–13. [Endurpr.: Baldur Jónsson 2002:87–92.]

Baldur Jónsson. 1984. Samsett orð með samsetta liði. Fáeinar athuganir. Bernt Fossetstøl o.fl. (ritstj.). *Festskrift til Einar Lundeby 3. oktober 1984*, bls. 158–174. Oslo: Novus forlag.

Baldur Jónsson. 1988. Egiptaland og Kípur. *Málfregnir* 2,1:19–27. [Endurpr.: Baldur Jónsson 2002:249–260.]

Baldur Jónsson. 2002. *Málsgreinar. Afmælisrit Baldurs Jónssonar með úrvali greina eftir hann*. Rit Íslenskrar málnefndar 13. Reykjavík: Íslensk málnefnd.

Bandle, Oskar. 1956. *Die Sprache der Guðbrandsbiblía*. Bibliotheca Arnarmagnæana 17. Kopenhagen: Ejnar Munksgaard.

Björn Halldórsson. 1992: *Orðabók. Íslensk – latnesk – dönsk*. Eftir handriti í Stofnun Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn. Fyrst gefin út árið 1814 af Rasmusi Kristjáni Rask. Ný útgáfa. Jón Aðalsteinn Jónsson sá um útgáfuna. Orðfræðirit fyrri alda 2. Reykjavík: Orðabók Háskólans.

Bl. = Sigfús Blöndal. 1920–1924. *Íslensk-dönsk orðabók*. Reykjavík.

BlVb. = Sigfús Blöndal. 1963. *Íslenszk-dönsk orðabók. Viðbætur*. Ritstjórar: Halldór Halldórsson og Jakob Benediktsson. Samverkamenn: Árni Böðvarsson og Erik Sønderholm. Reykjavík: Íslenszk-danskur orðabókarsjóður.

E[inar] Th[orlacius]. 1865. Svar móti svari. *Norðanfari* 4:15.

Finnur Jónsson. 1911. Um bæjanöfn á Íslandi. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmenta að fornu og nýju* 4 (1907–1915), bls. 412–584 og

- 917–937. Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmentafélag.
- Fritzner, Johan. 1954. *Ordbog over Det gamle norske Sprog* 1–3. Nytt uforandret opptrykk av 2. utgave (1883–1896). Oslo: Tryggve Juul Møller forlag.
- Glúma = Víga-Glúms saga. Sjá Jónas Kristjánsson 1956.
- Guðlaugur Sveinsson. 1791. Um Húsa- edr Bæa-Byggingar á Islandi, sérdeilis smá- edr kot-bæa. *Rit þess Konúngliga Íslenska Lærdóms-Lista Félags*. 11. bindi (fyrir árið 1790), bls. 242–278. Kaupmannahöfn.
- Guðmundur Andrússon. 1999. *Lexicon Islandicum*. Orðabók Guðmundar Andrússonar. Ný útgáfa. Gunnlaugur Ingólfsson og Jakob Benediktsson önnuðust útgáfuna. Orðfræðirit fyrri alda 4. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Guðmundur Ólafsson og Svend E. Albrethsen. 2000. Bærin undir sandinum. Rannsókn á skála í Vestribyggð á Grænlandi. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1998:99–124.
- Guðmundur Þorsteinsson frá Lundi. 1975. *Horfnir starfshættir og leiftur frá liðnum öldum*. [Reykjavík]: Örn og Örlygur.
- Guðrún Kvaran. 1988. Séröfn Orðabókar Háskólans. *Orð og tunga* 1:51–64.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 1997. *ylgr, heiðr, brúðr*. Saga r-endingar nefnifalls eintölu kvenkynsorða. Úlfar Bragason (ritstj.). *Íslensk málsgaga og textafræði*, bls. 41–56. Rit Stofnunar Sigurðar Nordals 3. Reykjavík.
- Hallberg, Peter. 1982. „Í túninu heima“. Lítil samantekt um æskusögu Halldórs Laxness. *Tímarit Máls og menningar* 43,2:153–179.
- Halldór Halldórsson. 1950. *Íslensk málfræði handa æðri skólum*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja hf.
- Hannes Þorsteinsson. 1923. Rannsókn og leiðréttingar á nokkrum bæjanöfnum á Íslandi. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1923:1–96. [Sjá einkum bls. 15 og 61.]
- Haraldur Bernharðsson. 1999. *Málblöndun í sautjándu aldar uppskriftum íslenskra miðaldahandrita*. Málfræðirannsóknir 11. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hjálmar Jónsson. 1942. *Ljóðmæli*. Jónas Jónsson gaf út. Íslensk úrvallrit. Reykjavík: Bókautgáfa Menningarsjóðs.

- Íslensk orðabók 1963 = *Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. 1963. Ritstjóri: Árni Böðvarsson. [1. útg.] Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Íslensk orðabók 1983. = *Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. Ritstjóri: Árni Böðvarsson. Önnur útgáfa, aukin og bætt. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Íslensk orðabók 2002. = *Íslensk orðabók*. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Ritstjóri: Mördur Árnason. Reykjavík: Edda.
- Íslenzkar æviskrár: Sjá Pál Eggert Ólason 1948–1952.
- Jón Árnason. 1734. *Lexidion Latino-Islandicum Grammaticale Þad er Glosna Kver a Latinu og Islendsku*. Kaupmannahöfn.
- Jón Axel Harðarson. 1997. Inngangur. Jón Magnússon. *Grammatica Islandica – Íslenzk málfræði*. Jón Axel Harðarson gaf út með inngangi, þýðingu og athugasemdum, bls. XI–LXVII. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Jón Helgason. 1926. *Jón Ólafsson frá Grunnavík*. Safn Fræðafjelagsins um Ísland og Íslendinga 5. Kaupmannahöfn: Prentað hjá S. L. Möller.
- Jón Helgason. 1967. Björn Halldórssons supplerende oplysninger til Lexicon Islandico-Latinum. *Opuscula* 3:101–160. Bibliotheca Arnsmagnæana 29. Hafniæ: Munksgaard.
- Jón Aðalsteinn Jónsson 1992. Sjá Björn Halldórsson.
- Jón Magnússon. 1997. *Grammatica Islandica – Íslenzk málfræði*. Jón Axel Harðarson gaf út með inngangi, þýðingu og athugasemdum. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Jón Ólafsson úr Grunnavík. Sjá Orðabók.
- Jón Þorkelsson. 1890–1894. *Supplement til islandske Ordbøger* 3,1. Reykjavík: Foreningstrykkeriet.
- Jón Þorkelsson. 1913. *Anmærkninger til Joh. Fritznens Ordbog over Det gamle norske Sprog*. Reykjavík: Sigfús Eymundssons Boghandel.
- Jónas Jónasson frá Hrafnagili. 1934. *Íslenskir þjóðhættir*. Einar Ól. Sveinsson bjó undir prentun. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja hf.
- Jónas Jónasson frá Hrafnagili. 1945. *Íslenskir þjóðhættir*. 2. útgáfa. Reykjavík: Jónas og Halldór Rafnar.
- Jónas Kristjánsson (ritstj.). 1956. *Eyfirðinga sögur*. Íslenzk fornrit 9. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Jónas Kristjánsson. 1983. *Eldvígslan*. Söguleg skáldsaga. Reykjavík: Bókaklúbbur Arnar og Örylgs.

- Kolbeinn Högnason. 1943. *Kræklur*. [Reykjavík]: Ísafoldarprentsmiðja hf.
- Kristján Eldjárn. 1953. Klambrarveggr. *Afmæliskveðja til próf. dr. phil. Alexanders Jóhannessonar háskólarektors 15. júlí 1953 frá samstarfsmönnum og nemendum*, bls. 151–158. Reykjavík: Helgafell.
- Lexicon Islandicum*. Sjá Guðmund Andrésson.
- Lúðvík Kristjánsson. 1983. *Íslenzkir sjávarhættir* 3. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Margeir Jónsson. 1924. *Torskilin bæjanöfn í Húnavatnsspingi*. Rannsókn og leiðrættingar 2. Akureyri: Prentsmiðja Odds Björnssonar.
- Nudansk ordbog = *Nudansk ordbog* 1–2. 1974. Udgivet med støtte af Undervisningsministeriet og Tuborgfondet. [Ritstj.: Lis Jacobsen o.fl. 8. útgáfa.] København: Politikens forlag.
- OH = Orðabók Háskólans. Óprentuð orðasöfn.
- Orðabók Jóns úr Grunnavík í AM 433 fol. Ljósrit í vörslu Orðabókar Háskólans.
- Páll Bjarnarson. 1921–1923. Um bæjanöfn. *Blanda*. Fróðleikur gamall og nýr 2:269–282. Sögurit 17. Reykjavík: Sögufélag.
- Páll Eggert Ólason. 1948–1952. *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940* 1–5. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- RM = Ritmálssafn Orðabókar Háskólans.
- Sapir, Yair. 2003. *Modern Icelandic word formation*. Með íslenskum útdrætti. Institutionen för nordiska språk, Uppsala universitet.
- Sigfús Blöndal. 1920–1924. *Íslensk-dönsk orðabók*. Reykjavík.
- Sigurður Vigfússon. 1881. *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík. 1871–1875* 2,1. Reykjavík.
- Skýringar og fræði*. 1988. Ritstjóri: Örnólfur Thorsson. Reykjavík: Svart á hvítu.
- Stafsetningarorðabókin*. 2006. Ritstjóri: Dóra Hafsteinsdóttir. Rit Íslenskrar málnefndar 15. Reykjavík: JPV-útgáfa.
- Stefán Karlsson. 1989. Tungan. *Íslensk þjóðmenning* 6:1–54. Ritstjóri: Frosti F. Jóhannsson. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.
- Stjórn = *Stjorn*. 1862. Gammelnorsk Bibelhistorie fra Verdens Skabelse til det babyloniske Fangenskab. Udgivet af C. R. Unger. Christiania: Feilberg & Landmarks Forlag. Trykt hos C. C. Werner & Co.
- Sturlunga saga* 1–2. 1946. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Reykjavík: Sturlunguútgáfan.

Sturlunga saga 1–2. 1988. Ritstjóri: Örnólfur Thorsson. Reykjavík: Svart á hvítu.

Supplement: Sjá Jón Þorkelsson 1890–1894.

Sæmundur Dúason. 1967. *Einu sinni var* 2. Akureyri: Bókaforlag Odds Björnssonar.

Torfhildur Þ. Hólm. 1889. *Elding*. Söguleg skáldsaga frá 10. öld. Reykjavík: Aðal-útsala í Bókaverzlun Sigf. Eymundssonar. Prentsmiðja Sigf. Eymundssonar.

Úr torfbæjum inn í tækniöld 1. Sjá Árna Björnsson.

V[altýr] St[efánsson]. 1926. Í Heiðarseli. *Lesbók Morgunblaðsins* 1. ágúst 1926:4–5.

Víga-Glúms saga: Sjá Jónas Kristjánsson 1956.

Þórhallur Vilmundarson. 1996. Safn til íslenzkrar örnefnabókar 3. *Grímnir* 3:67–144.

Handrit

AM 281 fol. (bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar)

AM 422 fol. (orðabók Björns Halldórssonar)

AM 433 fol. (orðabók Jóns Ólafssonar úr Grunnavík)

ÍB 77 fol. (nomenclator séra Ketils Jörundarsonar)

Lbs. 225 4to (orðabókarhandrit m.h. Hannesar Finnssonar)

Þakkir fyrir aðstoð

Sú ritsmíð, sem hér er birt, er í meginatriðum fyrsti hluta lengra máls um orðið *klömbur* og skyld orð. Nokkrum mönnum á ég þökk að gjalda fyrir yfirlestur og ábendingar, meðan lengri gerðin var í smíðum, einkum Gunnlaugi Ingólfssyni, Hallgrími J. Ámundasyni, Svavari Sigmundssyni og Þór Magnússyni. Ónefndum yfirlesara tímaritsins þakka ég gagnlegar ábendingar um ýmis frágangsattriði.

Lykilorð

orðsaga, beyging, samsett orð, örnefni, söguleg orðabók

Keywords

historical morphology, declension, compounds, place names, lexicography

Abstract

This paper describes the morphological development of the feminine noun *klömbur* (< *klōmbr* < **klambrō*), from its first occurrences in the thirteenth and fourteenth centuries to modern times. Its basic meaning is ‘tightness’ and it was used as a term for vice and as a place name as well. The present paper focuses on the common noun.

The declension of *klömbur* was the regular one for *ō*-stems, but the fourteenth-century development of epenthetic *u* (*klōmbr* > *klömbur*) gave rise to a new word, *klömburur* (fem. plur.) ‘vice(s)’, first attested in the early seventeenth century. This plural noun had no singular counterpart, *klambra* ‘vice’, until around 1900.

It is argued that *klömbru-*, as a first member in compounds, is derived from *klömbrur*, rather than being the gen. sing. of *klambra*, e.g. in *klömbruhnaus*, a term for a certain type of turfblock (used in wall building), first attested in the middle of the nineteenth century. Furthermore, it is argued that *klambra*, with the same meaning, occurs only locally after 1900 as a shortened form of *klömbruhnaus*.

The late appearances of *klömbruhnaus* and *klambra* are unexpected since it had been assumed that both were medieval terms.

Baldur Jónsson
Tómasarhaga 22
107 Reykjavík
baldur@hi.is